



**173. fundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ var haldinn í fundarsal framkvæmdastjórnar ÍSÍ, Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, fimmtudaginn 6. maí 2010 og hófst kl. 16:15.**

**Mættir: Ólafur Rafnsson forseti, Lárus Blöndal varaforseti, Gunnar Bragason gjaldkeri, Helga Steinunn Guðmundsdóttir ritari, Helga H. Magnúsdóttir, Hafsteinn Pálsson, Örn Andrésson, Sigríður Jónsdóttir, Friðrik Einarsson, Helgi Sigurðsson, Jón Gestur Viggósson, Ingibjörg Bergrós Jóhannesdóttir 1. varamaður, Gústaf A. Hjaltason 3. varamaður, Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri og Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð. Forföll: Þorgrímur Þráinsson 2. varamaður**

**Forseti setti fund og stjórnaði honum.**

### **1. Ársreikningur ÍSÍ**

Gjaldkeri lagði fram skýrslu Hallgríms Þorsteinssonar endurskoðanda ÍSÍ vegna endurskoðunar á ársreikningi ÍSÍ. Hallgrímur gefur ÍSÍ góða umsögn varðandi bókun og uppgjör.

### **2. Samningur við Flugfélag Íslands**

Framkvæmdastjóri skýrði frá undirritun samnings við Flugfélag Íslands til næstu 12 mánaða. Sú ánægjulega niðurstaða náðist að fargjöld hækka ekki frá síðasta samningi. Samningurinn hefur verið sendur út í hreyfinguna. Einnig er hægt að skoða hann á heimasíðu ÍSÍ.

Fundarmenn lýstu yfir ánægju sinni með samninginn.

### **3. Hjólað í vinnuna**

Átaksverkefnið Hjólað í vinnuna var sett í gær, 5. maí. Fjórir ráðherrar voru við setninguna; mennta- og menningarmálaráðherra, heilbrigðisráðherra, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra og umhverfisráðherra. Átakið hefur verið í stöðugri sókn undanfarin ár og líklegt að enn fleiri þáttökumet verði sett í ár.

### **4. Ólympísk verkefni**

Friðrik Einarsson formaður Afrekssviðs fór yfir stöðu mála í þeim ólympísku verkefnum sem framundan eru.

#### **YOG Singapore 2010**

Enn er ekki komin endanlega niðurstaða í fjölda þátttakenda í sundi en Afrekssvið er í sambandi við framkvæmdanefnd leikanna og Alþjóðasundsambandið vegna málsins.

#### **EYOWF 2011 - Liberec**

Taka verður ákvörðun um fararstjórn í haust. Keppendur á yngra ári í EYOWF eiga möguleika á að taka þátt í Vetrarólympíuleikum ungmenna. Stefnt er að því að ræða við öll sérsambönd vetraríþróttagreina um stefnu þeirra í afreksmálum. Gert er ráð fyrir því að hitta þátttakendur mun fyrr í aðdraganda leikanna en áður hefur tíðkast.

#### **Smáþjóðaleikar 2011**

Áætlaður þátttakendafjöldi er 103 auk 35 manna fylgdarliðs.

Tillaga Afrekssviðs um Örn Andrésson sem aðalfararstjóra á leikunum samþykkt.

#### **London 2012**

Sérsamböndin eiga að skila inn áætlunum um undirbúning fyrir leikana til ÍSÍ 12. maí nk. ásamt tillögum um styrkþega í tengslum við styrkjakerfi Ólympíusamhjalparinnar. Gert er

ráð fyrir því að senda umsóknir 15 afreksíþróttamanna til Ólympíusamhjalparinnar sem mun velja úr 5 styrkþega.

## 5. Heiðranir

Samþykkt að veita Skildi Vatnar Björnssyni, fráfarandi formanni Tennissambands Íslands Gullmerki ÍSÍ. Merkið var afhent á ársþingi TSÍ 20. apríl sl. að fengnu samþykki stjórnar í gegnum tölvupóst.

Samþykkt að veita Daníel Jakobssyni fráfarandi formanni Skíðasambands Íslands Gullmerki ÍSÍ. Merkið verður afhent á ársþingi SKÍ 20. maí sl.

## 6. Fyrirmyndarfélög ÍSÍ

Eftirfarandi viðurkenning staðfest:

Knattspyrnufélagið Valur – allar deildir og félagið í heild.

Forseti og framkvæmdastjóri munu afhenda viðurkenningarnar.

## 7. Fundargerðir:

Eftirfarandi fundargerðir lagðar fram og staðfestar:

- 172. fundur framkvæmdastjórnar
- Framkvæmdaráð frá 6.5.2010
- Afrekssvið frá 13.4. og 5.5.
- Verkefnasjóðs frá 6.5.2010

Verkefnasjóður fundaði í dag. Þar sem fundarmenn hafa ekki fengið tíma til að kynna sér tillögurnar um úthlutun fyrir þennan fund er fundargerðin samþykkt með þeim fyrirvara að ef ekki hafa verið gerðar athugasemdir við tillögurnar eftir morgundaginn þá telst fundargerðin samþykkt.

- Alþjóðanefndar frá 6.5.2010

## 8. Viðburðir framundan

Farið yfir helstu viðburði sem á döfinni eru og mönnun á ársþing sambandsaðila.

### Fram að næsta fundi:

- *Ársþing STÍ, 8.5.2010*
- *Ársþing ÍBV, 12.5.2010*
- *Aðalfundur ENGSO í Belgrad 14.-15.5.2010*
- *Ársþing BTÍ, 15.5. 2010*
- *Ársþing DSÍ, 18.5.2010 – 10 ára afmælisþing*
- *Ársþing KLÍ, 18.5.2010*
- *Ársþing SKY 27.5.2010*
- *Ársþing ÍSS, 30.5.2010*
- *EOC Seminar, Malta 28.-29. maí 2010*
- *Ársþing HSS 3.6.2010*
- *Ársþing BLÍ 5.6.2010*

### Til lengri tíma litið:

- *Norrænn fundur íþróttasambanda og ólympíunefndar, 11.-12. júní 2010 í Bosön í Svíþjóð*
- *Heimsráðstefna íþróttar fyrir alla, Jyväskylä í Finnlandi 14.-17. júní 2010*
- *Heimsókn frá Ólympíusamhjalpinni 14.-18.6.2010*
- *Ólympíuleikar ungmenna í Singapore, 15.-25.ágúst 2010*
- *Aðalfundur ANOC, Acapulco í Mexíkó 21.-23. október 2010*
- *Heimsráðstefna um íþróttir, menntun og menningu, 6.-7. desember í Durban í Suður-Afríku*
- *Vetrarólympíuhátíð Evrópuæskunnar í Liberec, 12.-19.febrúar 2011*

- Ólympíuhátíð Evrópuæskunnar í Trabzon, 24.-27.júlí 2011
- Smáþjóðaleikar í Liechtenstein, 30.maí - 4.júní 2011
- Ólympíuleikar í London 7.júlí - 12.ágúst 2012

## 9. Næstu fundir framkvæmdastjórnar ÍSÍ

Samþykkt að næsti fundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ verði haldinn 24. júní nk. Ekki er gert ráð fyrir fundi í júlí en allir stjórnarmenn geta sótt fundi framkvæmdaráðs á milli funda.

## 10. Önnur mál

### Ráðstefna um menningarstefnu

Miklar umræður urðu um ráðstefnuna og afgreiðslu umfjöllunarefna. Rætt um samstarf við stjórnvöld og hvert þau stefna.

### Erindi Rathlaupsfélagsins Heklu

Lagt fram erindi Rathlaupsfélagsins Heklu sem hefur áhuga á að gerast aðili að ÍBR. Rathlaup er ein grein af „ratfimiíþróttum“ sem alþjóðlega hafa samheitið „orienteering“. Einnig eru til, undir sama alþjóðasambandi t.d. skíðaratfimi og ratfimi fyrir fatlaða. Rathlaup er mikið stundað á Norðurlöndum og er viðurkennd sem íþrótt víða um heim. Samþykkt að viðurkenna rathlaup sem íþrótt innan vébanda ÍSÍ.

### Starfsskýrslur

Skrifstofu gefin heimild til að hótta íþróttá- og ungmennafélögum sem enn verða í vanskilum með starfsskýrslu til ÍSÍ keppnisbanni frá og með 1. júní nk.

### Lyftuhús

Gjaldkeri og framkvæmdastjóri kynntu fjárhagsáætlun byggingar lyftuhúss í húsi 1 og 2. Nauðsynlegt er talið að byggja lyftuhús með tilliti til aðgengis í þá starfsemi sem í húsunum er. Jafnframt mun lyftuhúsið stífa af þessar tvær byggingar með tilliti til jarðhræringa. Með þessari byggingu eykst geymslupláss í húsunum. Aðkoma og inngangur fyrir þessi hús mun færast upp fyrir hús.

Framkvæmdastjóra og gjaldkera heimilað að vinna áfram að málinu miðað við framkomna fjárhags- og verkáætlun. Áætlað er að framkvæmdir hefjist í lok júní.

### Íþróttaslysasjóður

Gjaldkeri kynnti erfiða stöðu sjóðsins. Fjöldi umsókna hefur aukist gríðarlega í kjölfar breytinga í efnahagsmálum þjóðarinnar, ásamt því að allar kostnaðareiningar í lækni- og sjúkráþjónustu hefur hækkað umtalsvert. Framlag ríkisins til sjóðsins hefur ekki hækkað frá upphafi samkomulags um rekstur sjóðsins, eða allt frá árinu 2002. Á fjárlögum 2010 varð sjóðurinn fyrir skerðingu um 1,2 m.kr.

Óskað hefur verið eftir fundi með heilbrigðisráðherra til að ræða framtíð sjóðsins og mögulegar lausnir og er beðið eftir svörum úr ráðuneytinu varðandi tímasetningu fundar. Ljóst er að ef ekki fæst aukið fé til sjóðsins þá verður að skerða verulega hlutfall endurgreiðslu ÍSÍ til íþróttaiðkenda.

Fleira ekki gert og fundi slitið.  
Halla Kjartansdóttir, fundarritari